

Fundur með formönnum deilda Vestra 2025

Fundur með formönnum deilda Vestra haldinn í Safnahúsinu mánudaginn 27. janúar 2025, kl. 18:00.

Mætt frá aðalstjórn: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðni Guðnason, Gísli Jón Hjaltason, Hlynur Reynisson, Heiðrún Tryggvadóttir, Marzellíus Sveinbjörnsson og Þóra Marý Arnórsdóttir.

Mætt frá deildum: Tinna Hrund Hlynsdóttir, Svavar Þór Guðmundsson, Viðar Kristinsson, Sólveig Pálsdóttir, Sigríður Ó. Kristjánsdóttir og Þórir Guðmundsson.

Fyrir tekið:

1 Ákvörðun aðalfunda

Samkvæmt lögum félagsins skal aðalfundur haldinn eigi síðar en 31. mars ár hvert. Formaður hvatti formenn deilda til að skila bókhaldsgögnum fyrir árið 2024 svo fljótt sem auðið er til endurskoðanda félagsins þannig að ársreikningar liggi tímanlega fyrir. Aðalfundir deilda verði boðaðir í kjölfarið. Ekki hefur verið gefið út hvenær ársþing HSV verður haldið en vanalega hafa ársskýrslur og undirritaðir ársreikningar þurft að berast HSV um miðjan maí. Einnig er hverju aðildarfélagi innan HSV skylt að skila starfsskýrslu eigi síðar en 15. apríl ár hvert.

2 Samskipti við HSV

Formaður greindi í stórum dráttum frá málum sem til umræðu hafa verið innan íþróttahreyfingarinnar á svæðinu og skapað talsverða ólgu það sem af er vetri. Eru það einkum tvö mál: Annars vegar breyting á úthlutun tíma í íþróttahúsinu á Torfnesi á miðju tímabili að beiðni Knattspyrnufélagsins Harðar og hins vegar skráning sama félags á yngri iðkendum með tilheyrandi áhrifum á skiptingu lottótekna. Forráðamenn íþróttafélagsins Vestra hafa ekki geta sætt sig við afstöðu HSV í umræddum málum og ágreiningur verið um afgreiðslu þeirra. Í ársbyrjun fékkst niðurstaða í tímatöflumálið en ljóst að fara þarf betur yfir forsendur fyrir úthlutun og verkferla. Mikilvægt er að sú vinna hefjist sem fyrst þannig að tímatafla fyrir veturinn 2025-2026 verði tilbúin fyrir haustið.

Í kjölfarið á miklum umræðum um skráningu iðkenda hjá Knattspyrnufélaginu Herði sendi íþróttafélagið Vestri formlegt erindi á HSV þann 8. janúar þar sem óskað var eftir því að að iðkendatölur allra aðildarféлага HSV yrðu skoðaðar út frá gögnum sem lögð voru fram á formannafundi HSV 14. nóvember 2024 og útreikningar á greiðslum lottótekna til aðildarféлага HSV byggjast á. Ennfremur var farið fram á að síðari úthlutun lottótekna árið 2024 yrði frestað þar til niðurstaða þessarar skoðunar lægi fyrir. Þá var í bréfinu bent á nauðsyn þess að endurskoða fyrirkomulag skráningar iðkenda í Sportabler skilakerfi ÍSÍ til að tryggja að foreldrar hafi yfirsýn yfir þau íþróttafélög sem börnin þeirra eru skráð í. Að lokum var lagt til að HSV færi þess á leit við svæðisfulltrúa á Vestfjörðum að þeir tækju að sér að yfirfara iðkendatölur allra aðildarféлага HSV. Erindinu hefur ekki verið svarað en sögn nokkurra foreldra hefur þeim hafi borist fyrirspurn frá svæðisfulltrúum varðandi skráningu barna þeirra í íþróttafélög sem bendir til þess að málið sé í skoðun.

Þann 12. janúar var aðildarfélagum HSV sent til kynningar ný reglugerð um neyðarstjórn HSV sem fyrirhugað var að stjórn HSV staðfesti fljótlega. Ástæðan að sögn sú staða sem komin var upp innan héraðssambandsins en í reglugerðinni er tilgreint að komi upp sú staða að

stjórnin sé að eigin dómi óstarfhæf þar sem meirihluti kjörinnar aðalstjórnar (fjórir eða fleiri) hafi sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum þá virkist reglugerðin. Skulu formenn allra aðildarféлага þá mynda neyðarstjórn ásamt þeim sem hugsanlega eru enn gildir stjórnarmenn héraðssambandsins. Óskað var eftir málefnalegum ábendingum og Shiran Þórisson, formaður kkd Vestra, benti á að ef þessi staða væri komin upp þá bæri að vinna til samræmis við lög HSV þar sem kveðið er á um boðun aukapings ef nauðsyn krefur. Engin viðbrögð hafa verið við tillögunni og enn er beðið eftir svari frá HSV. Benda má á að skv. lögum HSV getur aðeins héraðsþing samþykkt lagabreytingar og reglugerðir þannig að umrædd reglugerð getur ekki tekið gildi fyrr en hún hefur verið samþykkt á héraðsþingi.

3 Önnur mál

1. Formaður minnti á að félagið verður 10 ára í janúar á næsta ári og hvatti fundarmenn til að koma með tillögur um hvernig fagna megi þessum tímamótum. Formaður lagði til að Vestri eignaðist sitt eigið stuðningslag og hlaut sú hugmynd góðar undirtektir. Var formanni falið að vinna það mál áfram.
2. Formaður greindi frá því að félag á svæðinu hefði lýst yfir áhuga á að ganga til liðs við Vestra og væri það mál í skoðun en heilt yfir ánægjuleg tíðindi ef af yrði. Þá hefðu badmintonkonur haft samband við félagið til kanna möguleika á að iðka sína íþrótt undir merkjum Vestra. Ennfremur lítur út fyrir að líf sé að færast í sunddeild Vestra þar sem áhugasamur einstaklingur hefur hug á að vera með sundnámskeið í nafni félagsins.
3. Svavar Þór Guðmundsson, formaður knattspyrnudeildar, sagðist nýverið hafa sent erindi á íþrótt- og tómstundanevnd Ísafjarðarbæjar þar sem hann ítrekaði mikilvægi þess að ljúka vinnu við uppsetningu á varmadælu við völlinn auk lýsingar þannig að hægt sé að fullnýta völlinn árið um kring. Sagði hann eitthvað fjármagn hafa verið lagt til hliðar í þetta verkefni og brýnt að farið yrði í framkvæmdir sem fyrst. Svavar sagði að þrátt fyrir að aðstaða til knattspyrnu hafi batnað til mikilla muna yfir sumartímann þá sé staðreyndin sú að hún hafi versnað yfir vetrartímann. Annars vegar hafi uppbygging vallarsvæðisins orðið til þess að knattspyrnudeildin fær færri tíma í íþróttahúsunum á Ísafirði og í Bolungarvík þar sem ætlunin hafi verið að nota útiaðstöðuna yfir veturinn. Þar sem ekki sé kominn hiti undir aðalvöllinn þá sé hins vegar mjög erfitt að æfa við þær aðstæður sem hafa verið undanfarið. Þó að æfingavöllurinn á Torfnesi sé mokaður þá verður hann mjög háll í frostinu og hamlar það æfingum. Starfsmenn bæjarins hafa lagt sig fram um að moka eins fljótt og auðið er en stundum dregst það vegna forgangsröðunar á mokstri annars staðar. Snjór frýs þá á vellinum og verður hann ófær til æfinga. Þær aðstæður geta varað dögum saman og á meðan eru 150 iðkendur aðstöðulausir.
4. Viðar Kristinsson, formaður hjólreiðadeildar, spurði um uppbyggingarsamninga og fyrirkomulag þeirra. Raunin er sú að fjármagn það sem sveitarfélagið setur í uppbyggingasamninga er varla til skiptanna og það sem kemur í hlut hvers félag hefur lítið að segja. Velti Viðar fyrir sér hvort ekki mætti breyta fyrirkomulaginu með þeim hætti að eitt félag fengi allt fjármagn í 2-3 ár þannig að peningarnir nýttust betur. Urðu um þetta nokkrar umræður og niðurstaðan sú að málið verðskuldi meiri umræðu og á breiðari vettvangi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.30.